



Fundargerð 24. stjórnar AKÍS 2024-2025

Staður og tími: Zoom 04. febrúar 2025 kl. 19:30

Mættir aðalmenn: Aðalbjörg Ósk Sigmundsdóttir (AÓS), Sigurður Ingi Sigurðsson (SIS), Ari Halldór Hjaltason (AHH), Baldvin Hansson (BH), Jón Þór Jónsson (JÞJ)

Mættir varamenn: Halldór Viðar Hauksson (HVH)

Fundinn sat einnig Helga Katrín Stefánsdóttir (HKS) starfsmaður sambandsins.

Fjarverandi: Páll Jónsson (PJ), Tryggvi Magnús Þórðarson (TÞÞ), Valdemar Johnsen (VJ), Hanna Rún Ragnarsdóttir (HRR)

AÓS ritaði fundargerð.

1. NEC Esport

Formaður fór yfir verkefni AKÍS sem er að halda viðkomandi mót dagana 25.-27. apríl næstkomandi.

Kostnaður mótsins er að mestu greiddur af FIA og er fyrirhugað að leitast eftir styrkjum og öðrum leiðum sem dekkja þann kostnað sem fellur á sambandið og felur stjórn JÞJ og TÞÞ að fara í þá vinnu.

2. Námskeiðahald

Baldvin fer yfir kostnað og ýmsar upplýsingar varðandi námskeiðahald sambandsins. Stefnan er að öll námskeið verði gagnvirk og verði aðgengileg hvenær sem er og verður unnið áfram að því að finna leiðir til þess, töluverður kostnaður mun fylgja viðeigandi kerfi.

Stjórn vísar ákvörðun þessa erindis til ársþings 2025.

3. Ársþing 2025

Farið var yfir gjaldskrá, lög, stefnur og reglugerðir ásamt dagskrá og öðrum undirbúningi fyrir komandi ársþing.

4. Þjálfaranámskeið ÍSÍ

Hugmynd kom frá HKS að sambandið bjóði aðildarfélögum að senda aðila á þjálfaranámskeið ÍSÍ á kostnað AKÍS. ÍSÍ leggur mikla áherslu á að sérsamböndin séu með menntaða þjálfara sem sinna barna og unglingastarfi. Námskeiðin hefjast 10. febrúar nk., 1. stig kostar 36 þ.kr og 2. stig kostar 30 þ.kr.



Stjórn vísar erindinu til næstu fjárhagsáætlunargerðar.

5. Lokahóf

Stjórn ákveður að formannafundur og lokahóf AKÍS verði haldið 1. nóvember.

Afhending heiðursmerkja á ársþingi

Rætt hverjum ætti að afhenda heiðursmerki á komandi ársþingi.

6. Innsend erindi

- Torfærunáð hefur óskað eftir að Andri Már Sveinsson verði tekin inn í ráðið þar sem hann hefur tekið að sér samskipti við Norðurlöndin.

Lög kveða á um skipan í ráð sem heimila ekki setu hans í ráðinu en er ráðinu heimilit að hafa hann með í störfum sínum eftir atvikum.

- Motorsport Funding Program - opnað hefur fyrir umsóknir fyrir 2026. Umsóknarfrestur er til 30.apríl 2025.

Önnur mál

- HVH gerir athugasemd við vinnufund stjórnar þann 21. janúar að fundurinn hafi eingöngu verið raunfundur en ekki verið einnig í boði á Zoom.

Til kynningar:

- Aðalfundur Kvartmíluklúbbsins verður haldinn 8. febrúar kl: 14:00 í Félagsheimili KK
- Öryggisvika FIA verður haldin dagana 3.-8. febrúar
- Aðalfundur BÍKR verður haldinn 13. febrúar kl 20:00 í ÍSÍ
- Aðalfundur Torfæruklúbbsins verður haldinn 17. febrúar kl 20:00 á Selfossi
- Aðalfundur AÍH verður haldinn 23. febrúar kl 16:00 í Félagsheimili AÍH

Næsti fundur verður 18.2.2025 kl 19:30

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið kl 21:55